



Lúxemborg, 21. maí 2025

FRÉTTATILKYNNING 07/2025

**Dómur í máli E-18/24 *norska ríkið gegn Greenpeace Nordic,
Nature and Youth Norway (Natur og Ungdom Norge)***

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA SEM VERÐA TIL VEGNA BRENNSLU JARÐOLÍU OG JARÐGASS SEM UNNIÐ HEFUR VERIÐ Í TENGLUM VIÐ FRAMKVÆMDIR SEM HÁÐAR ERU MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM OG SÍÐAN SELT TIL ÞRIÐJA AÐILA TELST TIL „UMHVERFISÁHRIFA“

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Borgarþingi (áfrýjunardómstóli í Osló) varðandi túlkun tilskipunar um mat á umhverfisáhrifum, („tilskipunin“).¹

Málið sem er til meðferðar hjá Borgarþingi varðar gildi þriggja ákvarðana norska orkumálaráðuneytisins um að veita leyfi til framkvæmda þriggja verkefna um vinnslu jarðolíu og jarðgass í Norðursjó.

Í því umhverfismati sem gert var voru ekki metin loftslagsáhrif vegna losunar gróðurhúsalofttegunda sem verða til vegna brennslu jarðolíu og jarðgass sem unnið hefur verið í tengslum við framkvæmdir og síðan selt til þriðja aðila. Í meginatriðum spurði Borgarþing hvort losun gróðurhúsalofttegunda sem til kemur vegna slíkrar brennslu teldist „áhrif“ framkvæmdarinnar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar sem hefði átt að taka tillit til við mat á umhverfisáhrifum. Ef þeirri spurningunni yrði svarað játandi spurði dómstóllinn hvort landsdómstóli sé skylt að koma í veg fyrir ólögmætar afleiðingar leyfis sem var veitt til framkvæmda án þess að áður hefði farið fram mat á þessum umhverfisáhrifum. Loks spurði Borgarþing að því hvort landsdómstóll gæti veitt afturvirka undanþágu frá þeirri skyldu að meta þessi áhrif brennslu unnar jarðolíu og jarðgass ef sýnt væri fram á að annmarkinn hefði ekki haft áhrif á niðurstöðu ákvarðanatökufærlisins.

Með dómi sem kveðinn var upp í dag komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að losun gróðurhúsalofttegunda sem verða til vegna brennslu jarðolíu og jarðgass sem unnið hefur verið í tengslum við framkvæmdir, sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum og síðan selt til þriðja aðila, telst til „umhverfisáhrifa“ framkvæmdarinnar í skilningi tilskipunarinnar.

Enn fremur benti EFTA-dómstóllinn á að landsdómstóli sé skylt, að því marki sem unnt er samkvæmt landslögum, að koma í veg fyrir ólögmætar afleiðingar þess að ekki var framkvæmt fullt mat á umhverfisáhrifum í samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Af þessu leiðir að landsdómstóll getur ekki veitt afturvirka undanþágu frá þeirri skyldu að meta þessi áhrif samkvæmt 3. gr. tilskipunarinnar.

¹ Tilskipun 2011/92/ESB, sbr. breytingartilskipun 2014/52/ESB.

Mál þetta mun nú fara aftur fyrir Borgarþing sem mun dæma í málinu í ljósi túlkunar EFTA-dómstólsins á tilskipuninni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: <https://eftacourt.int/cases/e-18-24>

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.